

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2015/EES/46/27

frá 9. desember 2014

um breytingu á II. viðauka við ákvörðun 93/52/EBE að því er varðar viðurkenningu á að tiltekin svæði í Frakklandi séu opinberlega laus við öldusótt (*B. melitensis*)

(tilkynnt með númeri C(2014) 9218)

(2014/892/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/68/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með sauðfé og geitur ⁽¹⁾, einkum II. lið í 1. kafla viðauka A,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 91/68/EBE eru skilgreind skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Sambandsins með sauðfé og geitur. Þar er mælt fyrir um skilyrðin fyrir því að aðildarríki eða svæði í aðildarríki geti verið viðurkennd sem opinberlega laus við öldusótt.
- 2) Í II. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/52/EBE ⁽²⁾ eru skráð þau svæði í aðildarríkjum sem eru opinberlega viðurkennd sem laus við öldusótt (*B. melitensis*) í samræmi við tilskipun 91/68/EBE.
- 3) Frakkland hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina gögn þar sem sýnt er fram á að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/68/EBE, séu uppfyllt svo ríkið verði viðurkennt sem opinberlega laust við öldusótt (*B. melitensis*) að því er varðar 31 ný stjórnsýslusvæði (départements) til viðbótar við þau 64 stjórnsýslusvæði sem eru þegar viðurkennd sem opinberlega laus við þann sjúkdóm og eru sem stendur skráð í II. viðauka við ákvörðun 93/52/EBE.
- 4) Í kjölfar mats á gögnunum, sem Frakkland lagði fram, ætti að viðurkenna þessi 31 stjórnsýslusvæði sem opinberlega laus við öldusótt (*B. melitensis*).
- 5) Því ætti að breyta færslunni fyrir Frakkland í II. viðauka við ákvörðun 93/52/EBE til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við ákvörðun 93/52/EBE er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 354, 11.12.2014, bls. 45. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2015 frá 20. mars 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 46, 19.2.1991, bls. 19.

(2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/52/EBE frá 21. desember 1992 um staðfestingu á því að tiltekin aðildarríki eða héruð fullnægja skilyrðum vegna öldusóttar (*B. melitensis*) og um viðurkenningu þeirra sem aðildarríkja eða héraða sem eru opinberlega laus við sjúkdóminn (Stjtið EB L 13, 21.1.1993, bls. 14).

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. desember 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Vytenis ANDRIUKAITIS

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir Frakkland í II. viðauka við ákvörðun 93/52/EBE komi eftirfarandi:

„Í Frakklandi:

Départements:

Ain, Aisne, Allier, Alpes de Haute-Provence, Hautes-Alpes, Alpes-Maritimes, Ardèche, Ardennes, Ariège, Aube, Aude, Aveyron, Bouches-du-Rhône, Calvados, Cantal, Charente, Charente-Maritime, Cher, Corrèze, Corse-du-Sud, Haute-Corse, Côte-d'Or, Côtes-d'Armor, Creuse, Dordogne, Doubs, Drôme, Eure, Eure-et-Loir, Finistère, Gard, Haute-Garonne, Gers, Gironde, Hérault, Ille-et-Vilaine, Indre, Indre-et-Loire, Isère, Jura, Landes, Loir-et-Cher, Loire, Haute-Loire, Loire-Atlantique, Loiret, Lot, Lot-et-Garonne, Lozère, Maine-et-Loire, Manche, Marne, Haute-Marne, Mayenne, Meurthe-et-Moselle, Meuse, Morbihan, Moselle, Nièvre, Nord, Oise, Orne, Pas-de-Calais, Puy-de-Dôme, Hautes-Pyrénées, Pyrénées-Orientales, Bas-Rhin, Haut-Rhin, Rhône, Haute-Saône, Saône-et-Loire, Sarthe, Savoie, Haute-Savoie, Ville de Paris, Seine-Maritime, Seine-et-Marne, Yvelines, Deux-Sèvres, Somme, Tarn, Tarn-et-Garonne, Var, Vaucluse, Vendée, Vienne, Haute-Vienne, Vosges, Yonne, Territoire de Belfort, Essonne, Hauts-de-Seine, Seine-Saint-Denis, Val-de-Marne, Val-d'Oise.“
